



**Nefndasvið Alþingis**  
**Viðskiptanefnd**  
**b/t Brynhildar Pálmardóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2001 (14. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér fjármálafyrirtæki geti einungis fengið eina tegund starfsleyfa.*

Það er vissulega skylda löggjafans að bregðast við tiltekinni þróun ef hún er talin ógna almannahagsmunum. Það er hins vegar einnig skylda löggjafans að hefta ekki stjórnarskrárvárið atvinnufrelsi, eða öllu heldur ganga eins skammt og unnt er í slíkum höftum. Löggjöf verður jafnframt að vera til þess fallin að vernda þá hagsmuni sem henni er ætlað að vernda. Er þetta megininntak meðalhófsreglunnar, sem löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi sérhvers réttarríkis ber að virða.

Ekki er að sjá á athugasemdum frumvarpsins að tilraun hafi verið gerð til að meta árangur núverandi reglna um kínamúra, þess í stað er byggt á sögusögnum um að þeir haldi ekki. Að auki er ekki að sjá að önnur og vægari úrræði hafi verið metin, t.a.m. með því að aðskilja enn frekar á milli þessarar starfsemi en gert er nú. Frumvarpið uppfyllir því ekki þær grundvallarkröfur sem réttarríkið gerir til löggjafar.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs